



Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2021

Erindi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um verndun skipa og báta – 243. mál 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur fagnar *tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta*, sbr. 151. löggjafarþing 2020-2021, þingskjal 263 – 243. mál.

1. Samkvæmt tillögunni er starfshópi ætlað að „gera úttekt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta og gera tillögur að úrbótum. Starfshópurinn taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta sem hafa menningarlegt og atvinnusögulegt gildi, óháð aldri ...”

Í þessu sambandi er vert að benda á að á síðasta ári, nánar til tekið í janúar 2020, gaf Samband íslenskra sjóminjasafna út vandaða og ýtarlega fornbataskrá, samtals 830 bls., ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs hér á landi.

Fornbataskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Auk þeirra um 190 báta sem eru í fornbataskránni er kunnugt um nokkurn fjölda annarra eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa sem mikill fengur væri í að bætt yrði við hana. Lagt er til að starfshópurinn láti gera skrá yfir þá.





Jafnframt er lagt til að upp úr fornátaskránni verði unnar flokkaðar skrár til frekari hæððarauka við notkun hennar og til að gefa enn fyllra yfirlit um stöðuna.

2. Annað hlutverk sem hópnun er ætlað er að „endurskoða aldursmörk skipa og báta samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012“.

Nú eru skip og bátar sem smíðaðir eru fyrir 1950 friðaðir á grundvelli aldurs auk þess sem heimilt er að beita ákvæðum um friðlýsingu og skyndifriðun óháð aldri (3., 18., 19. og 20. gr.). Ekki er víst að ráðlegt sé að breyta þessum mörkum, t.d. með því að miða við aldur en ekki ártal, svo sem að allir bátar sem eru 50 ára eða eldri séu friðaðir. Þetta kann að valda vandkvæðum, bátarnir verði of margir. Því er lagt til að gert sé að skyldu að allir bátar smíðaðir á árunum 1950-1980 fari í gegnum varðveislumat og séu friðaðir ef gild rök eru fyrir því.

3. Loks er fyrirhuguðum starfshópi ætlað að „finna fjárstreymis- eða fjáröflunarleiðir til verkefnisins.“

Hér er mælt með að stofnaður verði sérstakur sjóður, bátafriðunarsjóður, sem hafi það hlutverk að viðhalda og varðveita gömul skip og báta.

Virðingarfyllst,

Guðbrandur Benediktsson

Safnstjóri

